




Á rökstólum í áttatíu ár

Ráðstefna SSV 2023

Hermann Sæmundsson






„Það er engum vafa bundið, að framundan eru í þjóðlífi Íslendinga, eins og annarra þjóða, nýir tímar, sem munu færa oss áður óþekkt viðfangsefni og krefjast of oss margra og mikilla breytinga frá því sem áður var.

Einnig í sveitarstjórnarmálum eða skipun þeirra munu þær breytingar verða. Á því, hvort vér skiljum nægilega snemma þessa sjálfsögðu kröfu hins nýja tíma, veltur að verulegu leyti gæfa og gengi þjóðarinnar e.t.v. um langa framtíð.“

Jónas Guðmundsson, 1943



Fjöldi sveitarfélaga





Markmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga:

- Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa.
- Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.



II. AÐGERÐAÁÆTLUN 2019–2023.

Alþingi ályktar að unnið skuli í samræmi við eftirfarandi fimm ára aðgerðaáætlun til að tryggja framgang markmiða stefnumótandi áætlunar fyrir sveitarstjórnarstigið.

1. Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga.

Verkefnismarkmið: Að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni.

Lágmarksíbúafjöldi verði 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2022, en 1.000 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2026.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög.

Tímabil: 2020–2026.

2. Fjárhagslegur stuðningur við sameiningar.

Verkefnismarkmið: Að stórauka stuðning við sameiningu sveitarfélaga.

Reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði breytt til að tryggja aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga. Sjóðnum verði veittar heimildir í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að leggja árlega til hliðar fjármagn til að mæta kostnaði vegna nýrra reglna um fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga.


Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sveitarfélög.

Tímabil: 2019–2026.



Stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga 2018-2022





Af hverju færri og stærri sveitarfélög?

- Tryggja betur réttindi íbúa
- Standa frammar þegar kemur að veitingu lögbundinnar þjónustu
- Geta til að takast á við hvers kyns þróun og uppbyggingu sveitarfélaga til framtíðar
- Rekstrarhagkvæmni

Hvað ber að varast?

- Tilfærsla á valdi - lýðræðishalli
- Dregið úr áhrifum jaðarbyggða



154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 0184 — 0182. mál.
Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038
og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Frá innviðaráðherra.

Alþingi ályktar, sbr. sveitarstjórnarlög, að fram til ársins 2038 skuli unnið að sveitarstjórnarmálum í samræmi við eftirfarandi stefnumótandi áætlun og að árin 2024–2028 verði unnið í samræmi við meðfylgjandi aðgerðaáætlun til að tryggja framgang markmiða stefnumótandi áætlunar.

I. FRAMTÍDARSÝN OG MEGINMARKMIÐ

Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmæta-sköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið áætlana innviðaráðuneytisins:

1. Innviðir mæti þörfum samfélagsins.
2. Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

II. LYKILVIÐFANGSEFNI

Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði sveitarstjórnarmála verði unnið að eftirfarandi sjö lykilviðfangsefnum:

1. Öflug, sjálfbær sveitarfélög.
2. Búsetufrelsi – áhersla á samþæflega þjónustu og búsetuskilyrði óháð búsetu.
3. Fjölbreyttara atvinnulíf með áherslu á fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.
4. Átak í stafrænni umbreytingu.
5. Markvissari verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.
6. Aukinn árangur á sviði loftslags-, umhverfis- og skipulagsmála.
7. Virkara lýðræði – aukin þátttaka í sveitarstjórnarkosningum og íbúalýðræði.

Efning sveitarstjórnarstigsins almennt og jafnréttissjónarmið verði tengd við úrlausn þessara áskorana.